# REGLUR

## um árangursviðmið söluflokka með síðari breytingum

Með breytingum skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 17. maí 2018, skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 27. júní 2018, skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2019, skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 23. desember 2019, skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 16. júlí 2020, skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021, skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022, skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 26. apríl 2022, skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 28. nóvember 2022, skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 30. júní 2023, skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 23. október 2023 og skv. reglum um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 14. nóvember 2023.

### I. KAFLI
### **Almennt**

1. gr.
*Tilgangur*

Í reglum þessum er kveðið á um þau árangursviðmið sem vörur þurfa að ná til að halda sæti sínu í söluflokki eða fá færslu á milli söluflokka.

2. gr.
*Orðskýringar*

Færsluákvörðun: er ákvörðun um skipan vöru, í vöruúrvali ÁTVR, í söluflokka og getur nánar tiltekið falið í sér að færa vöru á milli söluflokka, að fella vöru úr söluflokki eða að vara haldi sæti sínu í söluflokki. Færsluákvörðun, á grundvelli þessara reglna, skal tekin mánaðarlega[, nema annað sé sérstaklega tekið fram,][1] og birt í framlegðarskrá.

Vöruvalsdeildir: sjá 2. mgr. 23. gr. vöruvalsreglugerðar, nr. 1106/2015, og Tafla T1 – Tafla vöruvalsdeilda sbr. reglur ÁTVR um grunnvöruúrval dags. 2. desember 2015.

Vörudeildir: sjá 3. mgr. 23. gr. vöruvalsreglugerðar, nr. 1106/2015, og töflur T1.1 – T1.4 sbr. reglur ÁTVR um grunnvöruúrval dags. 2. desember 2015.

Framlegð vöru: sjá 2. tl. 4. gr. og 16. gr. vöruvalsreglugerðar, nr. 1106/2015.

3. gr.
*Árangursviðmið*

Þegar lágmarksframlegð vöru er tiltekin, í reglum þessum, þá er með því vísað til þeirrar framlegðar sem vara verður að ná á undanfarandi 12 mánaða tímabili fyrir viðkomandi færsluákvörðun.

Nú er tiltekið í reglum þessum, við færsluákvörðun, að takmarkaður fjöldi vara geti haldið sæti sínu í söluflokki eða geti færst á milli söluflokka. Ef annað er ekki sérstaklega tiltekið þá skulu þær vörur hafa forgang í sætin sem hafa hæstu framlegðina, á undanfarandi 12 mánuðum, eftir atvikum í tiltekinni vöruvalsdeild, vörudeild, verðflokki eða öðrum þeim hópi vara sem vísað er til hverju sinni. Sé framlegð vara jöfn skulu báðar/allar vörur fá tilfærslu.

[1] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.

4. gr.
*Lágmarkstímabil*

[Lágmarkstímabil vöru í söluflokki (reynslu-, kjarna- og sérflokki) er 12 mánuðir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að miða lágmarkstímabil vöru í söluflokknum sérflokki við sölutíma vörubirgða, þ.e. að ÁTVR geri aðeins ein innkaup og lýkur þá sölutímabili vörunnar þegar birgðir eru uppseldar.

Á lágmarkstímabili, skv. 1. og 2. mgr., skal vara ekki felld úr söluflokki á grundvelli árangursviðmiða.][2]

5. gr.
*Færsla í sérflokk*

Nú fellur vara úr reynslu- eða kjarnaflokki við færsluákvörðun. Skal þá ÁTVR, að eigin frumkvæði, ákveða hvort að varan skuli tekin inn í sérflokk. Um inntöku vöru í sérflokk gilda ákvæði 2. kafla reglna ÁTVR um sérflokk, nr. 4/2016.

II. KAFLI
**Reynsluflokkur – árangursviðmið til að fá tilfærslu í kjarnaflokk**
6. gr.

[[[[[Við færsluákvörðun skal vara í reynsluflokki fá tilfærslu í kjarnaflokk ef hún uppfyllir bæði árangursviðmið neðangreindrar töflu. Tilfærsla er óháð því hve lengi vara hefur verið í reynsluflokki.

[[

| Vöruvals- | Lágmarksframlegð | Færslumánuður og fjöldaviðmið | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| deild | í þús. kr. | jan | feb | mar | apr | maí | jún | júl | ágú | sep | okt | nóv | des |
| B1 | 120 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| B3 | 90 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| B4 | 120 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| F1 | 60 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| S1 | 60 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| S2 | 60 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| V1-1 | 60 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| V1-2 | 60 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| V1-3 | 60 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 |
| V1-5 | 60 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 |
| V2 | 180 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| V3 | 60 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| V4 | [90][3] | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |

][4]][5]][6]][7]][8]][9]][10]

[2] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[3] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 23. október 2023.
[4] Skv. 1. mgr. 2. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[5] Skv. 2. mgr. 2. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[6] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2019.
[7] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 23. desember 2019.
[8] Skv. 2. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.
[9] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 26. apríl 2022.
[10] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 30. júní 2023.

7. gr.

[[[...][11]][12]][13]

[ ... ][14]

8. gr.

Þegar vara, sem tilheyrir vöruvalsdeild B1, [...][15] B3, B4, V2, V3, F1, S1 eða S2, hefur lokið lágmarkstímabili í reynsluflokki, sbr. 4. gr., skal hún halda sæti sínu í reynsluflokki fram að næstu tilfærslu í kjarnaflokk ef framlegð hennar á undanfarandi 12 mánaða tímabili nær lágmarksframlegð fyrir viðkomandi vöruvalsdeild sbr. 6. gr.

9. gr.

Vara sem lokið hefur lágmarkstímabili í reynsluflokki, skv. 4. gr. sbr. 8. gr., og fær ekki færslu í kjarnaflokk skv. 6. gr. við færsluákvörðun skal felld úr reynsluflokki.

## III. KAFLI
## Kjarnaflokkur – árangursviðmið til að halda sæti í kjarnaflokki

10. gr.

[Færsluákvörðun skv. kafla þessum skal tekin þrisvar sinnum á ári, þ.e. í mars, júlí og nóvember, og koma til framkvæmda u.þ.b. 3 mánuðum síðar.][16]

Hámarksfjöldi vara í hverri vöruvalsdeild, sem lokið hefur lágmarkstímabili skv. 4. gr., og haldið getur sæti sínu í kjarnaflokki við hverja færsluákvörðun er takmarkaður við þann fjölda sem tiltekin er í neðangreindri töflu. [[[[[[[[[

| Vöruvalsdeild | Fjöldaviðmið |
|---|---|
| B1 | 100 |
| B3 | 50 |
| B4 | 30 |
| F1 | 40 |
| S1 | 50 |
| S2 | 100 |
| V1 | 300 |
| V2 | 55 |
| V3 | 35 |
| V4 | 20 |

][17]][18]][19]][20]][21]][22]][23]][24]][25]

[11] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 27. júní 2018.
[12] Skv. 3. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.
[13] Skv. 2. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 26. apríl 2022.
[14] Skv. 2. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2019.
[15] Skv. 3. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[16] Skv. 4. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022. Ákvæði tók gildi 28. febrúar 2022, sbr. 12. gr. síðastnefndra reglna.
[17] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 16. júlí 2020.
[18] Skv. 1. mgr. 4. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[19] Skv. 2. mgr. 4. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[20] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 16. júlí 2020.
[21] Skv. 2. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 17. maí 2018.
[22] Skv. 2. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 23. desember 2019.
[23] Skv. 5. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.
[24] Skv. 2. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 30. júní 2023.
[25] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 14. nóvember 2023.

11. gr.

Vara í kjarnaflokki sem lokið hefur lágmarkstímabili skv. 4. gr. og uppfyllir ekki árangursviðmið skv. [2. mgr.][26]10. gr. skal felld úr kjarnaflokki.

## IV. KAFLI
## **Sérflokkur – árangursviðmið til að halda sæti í sérflokki**

12. gr.

[Færsluákvörðun skv. kafla þessum skal tekin þrisvar sinnum á ári, þ.e. í mars, júlí og nóvember, og koma til framkvæmda u.þ.b. 3 mánuðum síðar.][27]

Fjöldi vara í hverri [...][28] vöruvalsdeild [...][29] sem lokið hefur lágmarkstímabili skv. 4. gr., og haldið getur sæti sínu í sérflokki við hverja færsluákvörðun er takmarkaður við þann fjölda sem tiltekin er í neðangreindri töflu.

[

| Vöruvalsdeild | Fjöldaviðmið |
|---|---|
| B1, B3 og B4 | 100 |
| F1, S1 og S2 | 100 |
| V1, V2 og V3 | 200 |

][30]

13. gr.

Vara í sérflokki, sem lokið hefur lágmarkstímabili skv. 4. gr., skal felld úr sérflokki ef hún uppfyllir ekki árangursviðmið skv. [2. mgr.][31] 12. gr. [...][32]

14. gr.

Hámarkstímabil vöru í sérflokki er fimm (5) ár og skal vara felld úr sérflokki, jafnvel þó hún uppfylli [árangursviðmið][33] skv. 13. gr., að þeim tíma liðnum [...][34]

15. gr.

[Þrátt fyrir ákvæði 13. og 14. gr. er heimilt að ákveða að vara með afburðar gæði og afgerandi sérstöðu innan vörusafns ÁTVR haldi sæti sínu í sérflokki. ÁTVR skal birta viðmið um eiginleika og vörufjölda þar að lútandi á birgjavef.
[[[][35]][36]][37]][38]

[26] Skv. 6. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.
[27] Skv. 7. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022. Ákvæði tók gildi 28. febrúar 2022, sbr. 12. gr. síðastnefndra reglna.
[28] Skv. 1. mgr. 5. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[29] Skv. 1. mgr. 5. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[30] Skv. 2. mgr. 5. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[31] Skv. 8. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.
[32] Skv. 6. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[33] Skv. 3. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2019.
[34] Skv. 7. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[35] Skv. 3. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 23. desember 2019.
[36] Skv. 4. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 17. maí 2018.
[37] Skv. 8. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[38] Skv. 1. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 28. nóvember 2022.

## V. KAFLI
## Sérflokkur – árangursviðmið til að fá tilfærslu í kjarnaflokk

16. gr.

Við hverja færsluákvörðun skulu allt að tíu (10) vörur í sérflokki sem uppfylla árangursviðmið viðeigandi vöruvalsdeildar skv. [2. mgr.][39] 10. gr. reglna þessara hljóta tilfærslu í kjarnaflokk.

Um forgang vörutegunda til að hljóta tilfærslu skv. 1. mgr. gildir framlegð skv. gildandi framlegðarskrá með fyrirvara um forgang tiltekins fjölda vörutegunda úr hverjum vöruhópi sbr. neðangreind tafla: [

| Vöruvalsdeild | Lágmarksfjöldaviðmið |
|---|---|
| B1, B3 og B4 | 4 |
| F1, S1 og S2 | 2 |
| V1, V2 og V3 | 4 |

][40]

[…][41]

[

17. gr.

Tilfærsla vöru í kjarnaflokk skv. 16. gr. er óháð því hve lengi varan hefur verið í sérflokki við færsluákvörðun.][42]

## VI. KAFLI
## Annað

[18. gr.][43]

[ÁTVR skal birta endurskoðuð árangursviðmið skv. reglum þessum í desember ár hvert og oftar ef tilefni er til.][44]

[19. gr.][45]

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1106/2015, um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi, og koma í stað reglna um árangursviðmið kjarnaflokks, dags. 4. desember 2015, og reglna um árangursviðmið reynsluflokks, dags. 27. október 2014.

Reglur þessar öðlast gildi 1. maí 2017.

Reykjavík, 1. mars 2017,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir

[[[ ...

][46]][47]][48]

[39] Skv. 9. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.
[40] Skv. 9. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.
[41] Skv. 10. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.
[42] Skv. 11. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.
[43] Skv. 11. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.
[44] Skv. 4. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2019.
[45] Skv. 11. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 11. janúar 2022.
[46] Skv. 3. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 17. maí 2018.
[47] Skv. 4. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 23. desember 2019.
[48] Skv. 8. gr. reglna um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka dags. 15. janúar 2021.